



DNA-eyrnamerki frá AgroTag í Danmörku

## Leiðbeiningar



Kvenhluti með glasi




Karhluti með hníf

### Athugið!

Sá hluti merkisins sem er með sýnatökuhníf og pinna er kallaður karlhluti og blaðkan með sýnatökuglasinu kvenhluti.

4

Setjið merkið í hægra eyra gripsins og látið kvenhlutann snúa inn í eyrað. Athugið að þrýsta tönginni vel saman þannig að merkið læsi sér.




1

Opnið klemmuna á neðri hluta tangarkjaftsins með því að ýta henni upp og aftur.




5

Eftir ísetningu merkisins situr glasið í tönginni. Ýtið glasinu upp til þess að losa það úr tönginni.



2


Setjið kvenhluta merkisins í töngina og sleppið klemmuna þannig að blaðkan sitji rétt og föst.



6

Takið glasið úr tönginni, t.d. með nøgl.

*Setjið síðan hitt merkið (án sýnatökuglass) í vinstra eyrað.*



3

Setjið karlhlutann (þennan með hnífnum) í efri hluta tangarkjaftsins, upp á nálina, og þrýstið þéttingsfast.



7

Sýnið er nú tilbúið. Glasið með sýninu er nú sett í boxið í mjólkurhúsinu þar sem mjólkurbílstjórinn tekur það í næstu ferð.





DNA-eyrnamerki frá AgroTag í Danmörku

## Leiðbeiningar



Sýnaboxið skal staðsetja í mjólkurhúsinu þar sem það er aðgengilegt fyrir mjólkurbílstjóra en þeir munu safna sýnunum.

Góð vinnuregla er að setja sýnatökuglösin strax í boxið að lokinni sýnatöku.

### Af hverju er verið að taka sýni?

Sýnatakan er fyrir erfðamengisúrval í nautgriparækt og með henni leggur þú þitt af mörkum til sameiginlegra kynbóta íslenska kúastofnsins.

Niðurstöður arfgerðargreininganna eru grunnur að vali kynbótagripa sem með þessari aðferð er hægt að velja strax við fæðingu.

### Úr hvaða gripum á að taka sýni?

Mælst er til þess að tekið sé sýni úr öllum fæddum kvígum sem fá einstaklingsmerki og verða nýttar til mjólkurframleiðslu. Þannig munu allar íslenskar kýr verða arfgerðargreindar í fyllingu tímans sem eykur öryggi á erfðamatinu gríðarlega mikið.

### Hvernig panta ég merki?

Merkjapantanir verða með hefðbundnu sniði inn á bufe.is. Þó þarf að huga að eftirfarandi:

- Til þess að merkja kvígukálfa þarf að panta merki með sýnatökuglasi en í nautkálfa eru áfram pöntuð hefðbundin merki án sýnatökuglass.
- Þannig pantar þú ákveðinn hluta merkja í kvígur og annan í naut þegar þú pantar. Eigi t.d. að panta 60 merki og fyrsta númer í röðinni er 801 má panta 801-830 í nautkálfa (hefðbundin merki) og 831-860 í kvígukálfa (merki með sýnatökuglasi).
- Þannig eru eldri merki ekki ónýt, þau verður áfram hægt að nota í nautkálfa.

### Vönduð vinnubrögð

- Mikilvægt er að vanda til verka og temja sér ákveðna reglusemi.
- Best er að merkja kálfa sem fyrst eftir fæðingu en það minnkar hættu á að kálfar víxlist eða ruglist.
- Setjum tekin sýni strax í boxið í mjólkurhúsinu. Ekki stinga þeim í vasann eða leggja frá sér á stað þar sem þau gleymast eða týnast.
- Sýni sem liggja lengi í hita geta skemmst og orðið ónothæf til arfgerðargreiningar.
- Passið upp á að ávallt séu til merki þannig að merking kálfa teyfist ekki úr hófi fram.

### UPPLÝSINGAR

Ertu með spurningar?

Hringdu í síma 516 5000

Við erum til aðstoðar

rml@rml.is | www.rml.is

